

Andri Þór Birgisson

Reykjavík 5. júlí 2019  
UST201905-289/H.G.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um leyfi til drónaflugs við Dynjanda**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Andra Þórs Birgissonar, dagsett 5. júlí 2019, um leyfi til drónaflug innan náttúruvættisins Dynjanda.

Dynjandi er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 348/1971. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur skv. 4. gr. friðlýsingarskilmála svæðisins sett reglur um aðgang almennings að svæðin og dvöl þar. Samkvæmt umgengnisreglum svæðisins er drónaflug innan þess óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða kvikmyndatökur í tengslum við hlaup frá Hólmavík að Dynjanda þar sem eru 7 þáttakendur. Endamark hlaups er við Dynjanda. Ráðgert er að taka myndir með dróna þegar keppendur koma í mark um kl. 04:00 aðfaranótt sunnudagsins 7. júlí. nk. Drónatökur færu fram á tímabilinu 03:00-05:00 um nóttina. Drónin tekur á loft á bílastæði við Dynjanda og er flugsvæðið 500 metra radíus út frá því. Áætluð flughæði er 0-85 metrar. Engin mannvirki verða sett upp í tengslum við hlaupið.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur drónaflugið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið sé skilyrðum leyfis fylgt. Þar sem tölur fara fram um miðja nótt má gera ráð fyrir að fáir gestir verði á svæðinu. Ef gestir eru á tjaldsvæðinu er hættu á að þeir verði fyrir ónæði og skal reyna eftir fremstu megni að draga úr því. Gæta þarf að fuglalífi á svæðinu og ef forðast er að fljúga yfir varpsvæði þeirra ættu neikvæð áhrif flugsins að vera minniháttar.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Andra Þór Birgissyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan náttúruvættisins Dynjanda sbr. lýsingu hér að ofan 7. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Þáttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins sem dvelja á svæðinu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Óheimilt er að fljúga yfir tjaldsvæðið við Dynjanda ef næturgestir eru á svæðinu.
- Óheimilt er að fljúga yfir varpsvæði fugla.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Ef hlaupið dregst skal drónaflugi hætt um leið og gestir byrja að mæta á svæðið.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

*Kristín Ósk Jónasdóttir*  
Kristín Ósk Jónasdóttir  
sérfræðingur